

Niðurstöður nemendapings Grunnskóla Hólmavíkur 16. október

Tillögur nemenda:

Unglingar - Spurningar:

1. Hvernig aðstæður þurfa að vera kennslustofunni til að nám geti átt sér stað?
2. Hvað myndi gera námsefnið áhugaverðara og meira hvetjandi fyrir nemendur?
3. Hvaða námsefni teljið þið vera gagnlegast fyrir ykkur í framtíðinni?
4. Hvaða efni mynduð þið vilja að væri kennt í skólanum?
5. Hvernig getum við nýtt tæknina til að bæta námsárangur og auka áhuga á því sem við erum að læra?
6. Hvernig er best að hjálpa nemendum að læra að bera ábyrgð á eigin námi?
7. Hvaða hlutverk ættu nemendur að hafa þegar kemur að skipulagi náms og kennslu?
8. Hvernig mat eða endurgjöf sem þið fáið gagnast ykkur best til að bæta frammistöðu og árangur?
9. Þegar kemur að jafningjamati, hvað finnst ykkur mikilvægast að meta?
10. Þegar kemur að sjálfsmati, hvernig mat myndi gagnast ykkur best í ykkar námi?
11. Hvaða reglur mynduð þið vilja hafa í sambandi við síma- og snjalltækjanotkun í námi og í frímínútum?
12. Hvaða neikvæðu áhrif teljið þið að það geti haft til langs tíma ef að fólk (bæði börn og fullorðnir) eru of mikið í símunum eða á samfélagsmiðlum?
13. Hvaða ráð teljið þið vera gagnleg fyrir fullorðna og börn sem eyða of löngum tíma í sínum og öðrum snjalltækjum?
14. Hvaða ávinningur getur verið af því að eyða minni tíma á samfélagsmiðlun?
15. Hvernig mynduð þið vilja að félagsfærni nemenda í skólanum væri eflid?
16. Hvað geta nemendur og starfsfólk skólans gert til að tryggja að engin sé einn eða útundan í nemendahópnum?
17. Hvernig móttökureglur ættum við að hafa þegar við tökum á móti nýjum nemendum?

Unglingar - Svör:

1. Vinnufriður, vinnusemi, jákvæðni, hugsa meira um að kenna og minna um að skamma, hljóðlát, góð borð, góð aðstoð frá kennara.
2. Að hafa verðlaun ef maður vinnu vel, verklegt nám svo nemendur verði ekki þreyttir, hafa meira verklegt, hafa skemmtilegra, verklegt hanga ekki bara í bók allan daginn, verklegt útinám, tilraunir, að vinna ekki alltaf í bók heldur vinna verkefnin öðruvísi, ekki vinna bara í bókum, hafa verklegt nám.
3. Stærðfræði, stærðfræði, stærðfræði, íslenska, heimilisfræði, kannski stærðfræði, íslenska, stærðfræði, stærðfræði/íslenska, stærðfræði sem maður getur reiknað.
4. Smíði, smíði, mér er alveg sama, tölvufræði, listir - textill- smíði -verklegt - efnafræði, vísindi - fjárflokkur - undirbúningur fyrir framhaldsskóla, textill, textill- listir- líffræði - mannlíkaminn - smíði.
5. Læra með tölvuleikjum, tölvuleikir, biðja um styrka frá einhverjum, ég er ekki viss, ég veit ekki, gera námið skemmtilegra, gera skemmtileg verkefni t.d. Í stærðfræðileikjum, gera reglu um hvenær má nota og hafa ? í skólanum.

6. Með því að gera vinnuleiðbeiningar og láta þau fara eftir þeim ein, refsingar ef maður gerir ekkert, gefa verðlaun, meira verklegt, ég veit ekki, gefa verðlaun, gefa verðlaun eða fara í skólaferðalag.
7. Við eigum að ráða meira hvernig við lærum - fara í boltaleik - verklega dönsku, koma með hugmyndir hvernig við viljum læra - gera meira verklegt, gera tilraunir, veit ekki, já, við ættum að fá að spyrja um að gera það sem við viljum, já full ráð.
8. Baka - elda- fjáröflun - félagsvinna - verklegt, kennarinn gæti sýnt okkur hvað við gerðum rangt, verklegt, veit ekki, taka próf - taka vídeó og sýna kennara, ég vil ráða mat.
9. Mjög vel, mér finnst allt í góð að gera jafningjamat, veit ekki, allt gengur vel, meta hjálpsemi, já vel.
10. Já, notum ekki oft, já sjálfsmat er gott.
11. Má vera í síma í frímínútum og í námi ef kennari leyfir, ekki vera í síma í tíma bara ef kennari leyfir - það má vera í símanum í frímínútum (fríi), leyfa síma en ekki í tíma, engar reglur, bara fara í síma með leyfi kennara, mér finnst það ætti að mega alltaf nota síma nema þegar kennarinn segir nei.
12. Óraunveruleg takmörk, maður getur orðið þreyttur, minni athyglisgáfa, þunglyndi, þá verða þau bara símasjúk og fá illt í hausinn, þau verða þunglynd og vilja ekki gera neitt annað.
13. Bara vera svona 2-3 tíma á dag og ekki lengi í einu - hreyfa sig daglega, setja tíma á hvert app þá minnka þau símanotkun, fara í göngutúr, veit ekki, stoppa, fara að æfa íþróttir, meiri íþróttir.
14. Meiri tími í eitthvað annað, ekki þreyttur, meiri tími, eyðir meiri tíma með fjöllum, þá verður þeim minna illt í hausnum og geta farið út, þá verður maður glaður.
15. Fara í ferðalög til útlanda, við viljum fara í fleiri ferðalög þá getum við hitt fleiri krakka, ferðalög - böll - samstarf við aðra skóla, fleiri hittingar með öðrum skólum, fleiri öðruvísi dagar - t.d. útidagar eða eitthvað, fara í ferðalög til Rvk.
16. Tala við krakka og spyrja þá hvort þau vilji bjóða þeim að vera með, gera hópavinnu, það er engin útundan, bjóða með, leyfa að vera með, bjóða öllum með.
17. Fara í nafnahring og fara í leik, leyfa að vera með og gera hópa, tala við þau og kynnast þeim, bjóða þeim að vera með, vera góð og kurteis og fara í ferðalag saman, sýna þeim skólann og bjóða þeim að vera með.

Allir nemendur (unnu í hópum). Hópstjórar voru unglingar.

Spurningarnar snerust um:

1. Morguntímann
2. Hvað þeim finnst mikilvægast í skólanum.
3. Hvað þau langi til að læra.
4. Skólavöllurinn - hvað má gera betur.
5. Hvað einkennir góð samskipti.
6. Hvað er hægt að gera ef manni mistekst með góð samskipti.
7. Mikilvægi góðra samskipta.
8. Hvernig getum við passað upp á eigin eigur og skólans.
9. Gott við skólann - hvað er best.
10. Hvað er hægt að gera betur.

Svör hópanna:

1. Úti að leika, teikna fallegar myndir, labba um, fara í símann. Úti að leika (4) inni í símanum (1) Vilja fá að ráða hvort maður er inni eða úti. Úti að leika, inni í stofunni, ekki fara út í vondu veðri, vilja fá að ráða hvort þau séu úti eða ekki. Úti, við myndum vilja það væri hægt að vera inni að teikna. Allir leika nema Guðný (hún fer inn), vilja ráða hvort maður er úti eða ekki. Fara út (4), við ættum að mega að vera inni en líka að vera úti.
2. Stærðfræði og lestur. Að taka upp - mig langar að vera upptakari, tungumál (þá verðum við ríkari), stærðfræði, heimilisfræði. Okkur finnst mikilvægast að læra stærðfræði og íslensku af því að íslenska er tungumálið okkar og stærðfræði þá lærir maður að reikna út peninga og alls konar sem þarf að kunna í framtíðinni. Allt því að allt nám er mikilvægt. Stærðfræði, íslenska, norræn goðafræði, lestur, kistill. Að vera stilltur og góður við alla, stærðfræði.
3. Að sulla, stýrimannaskóla, líffræði og um lífið. Vísindi, smíði, listir, bókatími, búa til risaeðlusafn, bíótími, búa til raceroom. Þrjóna/textíll, glíma, vísindi, listir. Mig langar að læra listir og textíl (þrjón og hekl), líffræði um líkamann, teikna. Smíði, listir, stjörnufræði, leiklist. Vísindi og leiklist.
4. Stærri kastali, lítil trampólín í jörðinni, hvítt gúmmí á fótboltavöllinn. Nýtt gúmmí á fótboltavöllinn, ný aparóla, nýr kastali, net yfir fótboltavöllinn, kofi. Net yfir fótboltavöllinn, köngulóarróla og köngulóar klifurgrind, nýja aparólu, nýtt gúmmí á fótboltavöllinn og skólahreystibraut. Ekki hafa steina, nýtt gúmmí á fótboltavöllinn, ný aparóla, nýr kastali, mýkri fótboltavalla vegg, net yfir fótboltavöllinn, kofa. Stærri kastali, lítil trampólín í jörðina, hvítt gúmmí á fótboltavöllinn.
5. Að ræða málin. Ekki stríða, ekki dæma, eineltisfræðsla, segja kennara ef það er einelti, vera góð. Við getum verið kurteis og hlusta á hina og vera jákvæð.
6. Þrautir, hópavinna, góð samskipti, tala saman. Vera góður, spjalla, vera góður við alla. Gefa köku til að lifa og vera góð.
7. Svo krakkar nenni að mæta í skólann, svo maður læri betur og þá er maður glaður og kurteis og eignast góða vini. Einbeiting, líða vel heima, hamingjusamur. Svo maður vilji fara í skólann. Annars er maður leiðinlegur við aðra, svo maður geti orðið glaðið því að þá er gott að lifa. Segja fyrirgefðu, gefa köku, bjóða heim og ekki gefast upp. Vera glaður, ekki gera aftur, sætta sig á mistökunum og halda friðinn.
8. Ekki hlaupa of langt, hafa dótið bara í töskunni. Vera tillitsamur, hafa eigin okkar í eigin boxum. Ekki eyðileggja. Taka til eftir sig. Fara vel með hlutina og merkja, ekki kasta hlutum og ekki missa þá viljandi. Að fá okkar eigin skáp og merkja.
9. Heimilisfræði, teikna og hádegismatur. Að við eigum eignum marga vini, að við fáum góðan mat, að við höfum skólavöll, að við fáum hafragraut frítt. Að það er lítið af krökkum, kennararnir, skólinn er vel staðsettur. Heimilisfræði, kistill, matur, frímínútur, heilapása, krakkarnir. Fótboltavöllurinn, kennslustundirnar, frímínúturnar, leikirnir og að teikna.
10. Setja fótboltavöllinn upp í ?, setja trampólín, líða betur. Vera inn í frímínútum þegar það er vont veður, leyfa okkur að horfa á iPadinn og leyfa okkur að horfa á skjánum. Byrja skólann klukkan 9.30. Fjölbreyttari kennsla, meira verklegt nám. Læra ekki bara í bókum, fleiri leiktæki, hafa fjáraflanir, fara í skólaferðalög, fá lengri frímínútur. Allir verði betri hvor við aðra.